*Alþingi*
*Erindi nr. Þ 137/469*
*komudagur 29.6.2009*

BSRB

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. júní 2009

**Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, þskj. 155 - 118. mál.**

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Þar sem fulltrúar BSRB sátu fundi um gerð stöðugleikasáttmálans gerir bandalagið engar frekari athugasemdir við efni frumvarpsins.

BSRB leggur áherslu á að störf og kjör launafólks verði varin og að hugað verði sérstaklega að þeim lægst launuðu í því tilliti. Forsenda kröftugs efnahagslífs og sóknar til betri afkomu samfélagsins er jöfnuður og öflug velferðarþjónusta. Niðurskurður í heilbrigðisþjónustu, menntakerfi, almannatryggingum og á öðrum sviðum almannaþjónustunnar er að mati bandalagsins ekki rétta leiðin til að vinna bug á þeim mikla efnahagsvanda sem íslenskt samfélag stendur nú frammi fyrir.

Fyrir hönd BSRB,

Helga Jónsdóttir

Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri

BANDALAG STARFSMANNA RÍKIS OG BÆJA
Grettisgötu 89 105 Reykjavík Sími 525 8300 Fax 525 8309 bsrb@bsrb.is www.bsrb.is